

2007 nr. 42 27. mars**Lög um Heyrnar- og talmeinstöð**

Tóku gildi 1. september 2007. Breytt með l. 112/2008 (tóku gildi 1. okt. 2008 nema 12. tölul. 59. gr. sem tók gildi 25. sept. 2008; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 2. mgr. 56. gr.), l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við heilbrigðisráðherra eða velferðar-ráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Starfrækja skal Heyrnar- og talmeinstöð undir yf-
irstjórn [ráðherra].¹⁾

¹⁾ L. 126/2011, 453. gr.

■ **2. gr.** Heyrnar- og talmeinstöð annast þjónustu við
heyrnarlauða, heyrnarskerta og þá sem eru með heyrnar- og
talmei. Hlutverk Heyrnar- og talmeinstöðvar er m.a.:

1. Að sjá um heyrnarmælingar, greiningu og meðferð á
heyrnar- og talmeinum.

2. Að veita faglega ráðgjöf og annast þjálfun og endur-
hæfingu heyrnarlaustra, heyrnarskertra og þeirra sem eru með
heyrnar- og talmei.

3. Að sinna forvörnum á starfssviði sínu í samvinnu við
aðrar stofnanir eftir því sem við á.

4. Að útvega hjálpartæki fyrir heyrnarskerta, heyrnar-
lauða og þá sem eru með heyrnar- og talmei og veita fræðslu
og þjálfun í notkun þeirra. Stofnunin skal enn fremur sjá um
viðhald og uppsetningu hjálpartækjanna.

5. Að stunda rannsóknir og sinna fræðslu á starfssviði
sínu. Stofnunin skal safna upplýsingum um alla þá sem eru
heyrnarskertir, heyrnarlauðir eða eru með heyrnar- og tal-
mei og öðrum tölfræðilegum upplýsingum sem nýtast við
rannsóknar- og þróunarstörf. Um söfnun upplýsinga skal fara
samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupp-
lýsinga og reglum settum með stöð í þeim lögum og lögum
um landlækni eftir því sem við á.

■ **3. gr.** Ráðherra skipar forstjóra Heyrnar- og talmeina-
stöðvar til fimm ára í samræmi við ákvæði laga um heilbrigðis-
þjónustu. Forstjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar
og skulu þeir hafa viðeigandi menntun á starfssviði stofnun-
arinnar. Heimilt er að kveða nánar á um menntunarskilyrði
starfsmanna í reglugerð.

■ **4. gr.** Við Heyrnar- og talmeinstöð skal vera fimm
manna fagræð sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn.
Fagræðið skal skipað þremur mönnum með menntun eða
sérþekkingu á verkswiði stofnunarinnar og tveimur fulltrú-
um notenda þjónustunnar. Fagræðið skal vera forstjóra til
ráðuneytis um fagleg málefni og stefnumótun.

■ **5. gr.** Ráðherra skal setja reglugerð¹⁾ um þátttöku ríkis-
ins í kostnaði við hjálpartæki vegna heyrnar- og talmeina að
höfðu samráði við Heyrnar- og talmeinstöð.

¹⁾ Rg. 968/2015. Rg. 969/2015.

■ **6. gr.** Sjúkratryggður einstaklingur samkvæmt lögum um
[sjúkratryggingar]¹⁾ skal greiða gjald fyrir þjónustu Heyrnar-
og talmeinstöðvar sem hér segir:

1. fyrir viðgerð á hjálpartækjum,

2. fyrir sérfræðilæknisþjónustu og rannsóknir samkvæmt
ákvæðum laga um [sjúkratryggingar]¹⁾ og reglum settum með
stöð í þeim lögum,

3. fyrir greiningu á máltruflun, komu vegna endurmats
há talmeinafræðingi og aðrar talrannsóknir.

□ Fyrir heyrnarrannsókn á vinnustað skal greiða gjald sem
standa skal undir kostnaði stofnunarinnar við rannsóknina.

□ Ráðherra setur reglugerð²⁾ um gjaldtöku samkvæmt grein
þessari að höfðu samráði við forstjóra og fagræð Heyrnar- og
talmeinstöðvar. Skal gjaldskráin taka mið af kostnaði við
þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna. Heyrnar- og tal-
meinstöð innheimtir gjöld þessi.

□ Þeir sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi samkvæmt
lögum um [sjúkratryggingar]¹⁾ skulu greiða gjald sem nem-
ur kostnaði við veitta þjónustu í samræmi við reglugerð sem
ráðherra setur, nema í gildi sé samningur um þjónustuna við
það ríki sem þeir koma frá.

¹⁾ L. 112/2008, 66. gr. ²⁾ Rg. 968/2015.

■ **7. gr.** Ráðherra er heimilt, í samræmi við ákvæði laga um
heilbrigðisþjónustu, að fela öðrum aðilum með samningi að
annast þá þjónustu sem greinir í 2. gr. eða hluta þeirrar þjón-
ustu.

■ **8. gr.** Ráðherra er heimilt í reglugerð¹⁾ að kveða nánar á
um framkvæmd laga þessara.

¹⁾ Rg. 968/2015.

■ **9. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. september 2007.